

Verkefni 8 Heitir og kaldir miðlar/Stjörnuþoka Gutenbergs MMUF4UF06

- Fjallað er um þrískipt viðbrögð gagnvart tækni.
 - Hver eru þau?
 - Hvar ætli við séum staðsett í þrískiptingu viðbragða í dag gagnvart netheiminum?
- Menning getur verið heit og köld.
 - Hvaða áhrif hafa þá heitir og kaldir miðlar í mismunandi menningu?
- Stjörnuþoka Gutenbergs. Hann talar um að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir stórfelldum breytingum á daglegu máli og hegðun manna fylgi oft tilkomu nýrra tækja.

Þrískipt viðbrögð gagnvart tækni

Í bókinni Miðill ⇔ Áhrif ⇔ Merking er talað um þrískipt viðbrögð sem ávallt eru til staðar þegar hópar eða einstaklingar glíma við sjúkdóma eða álagstíma í lífinu, en þau eru ótti, viðnám og þreyta (McLuhan bls. 61).

Ef við skoðum núverandi stöðu okkar íbúa í Vestrænum samfélögum gagnvart netheiminum út frá þessari skiptingu þá er ljóst að við erum á öðru þrepinu og við það að komast á það þriðja.

Þegar netheimar urðu almennir á síðasta áratug tuttugustu aldar, einkenndust viðbrögð einstaklinga af ótta við þetta nýja fyrirbæri. Sem dæmi má nefna viðbrögð foreldra gagnvart kennara sem ætlaði að láta nemendur afla sér upplýsinga á netinu. Haft var samband við þennan framsækna kennara og hann spurður hvort hann ætlaði að láta nemendur fara út á netið, það væri jú á allra vitorði að þar væri ekkert nema klám. Almennungur var á verði gagnvart netnotkun því talið var að þaðan flæddi bara rusl upplýsingar sem enginn hefði not af. Bækur voru taldar mun áreiðanlegri heimildir en netið.

Þetta hefur án efa átt við rök að styðjast í árdaga netsins, en það breyttist fljótt. Menn sáu möguleika netsins við að dreifa upplýsingum hratt og örugglega, auk þess sem möguleikar til samskipta með þessum nýja miðli komu til sögunnar. Allir sem aðgang höfðu að netinu gátu afla sér upplýsinga um nánast hvað sem þá langaði að vita og hafa samband við aðra sem voru nettengdir.

Nemendur skóla nýta sér netið til upplýsingaöflunar og þeim er kennt að meta gildi og áreiðanleika þessara upplýsinga. Nú er svo komið að upplýsingar á netinu eru nánast ótakmarkaðar og kúntin felist í því að vinsa kjarnann frá hisminu. Þessi ofgnótt upplýsinga hefur svo leitt til þess að við erum endalaust áreitt með upplýsingum og okkar vörn er að loka augunum fyrir þeim. Þreytu gagnvart netheiminum er farið að gæta og æ fleiri reyna að afmarka netnotkun sína á einhvern hátt.

Menning getur verið heit og köld, en hvaða áhrif hafa þá heitir og kaldir miðlar í mismunandi menningu?

Samkvæmt skilgreiningu McLuhans er hægt að skipta miðlum í heita og kalda miðla eftir áhrifunum sem þeir hafa á notendur sína. Í stuttu máli og mikilli einföldun má segja að heitir miðlar hafi augljósar upplýsingar fólgnar í sér og geri litlar kröfur til neytandans við að nema þær, en kaldir miðlar eru með duldari upplýsingar og þeir gera því miklar kröfur til neytandans til að hann nái þeim. Kaldur miðill krefst þannig meiri þátttöku af notandanum við að nema efni miðilsins en heitur miðill lætur allt uppi og krefst ekki

mikillar þátttöku notandans. Heitir miðlar útiloka þátttöku notenda en kaldir miðlar kalla á þátttöku þeirra.

Ef þessi skipting á heitum og köldum miðlum er skoðuð nánar má segja að miðlar sem krefjast mikillar þátttöku fólks gætu þá verið svo dæmi séu tekin, málstofur þar sem allir viðstaddir taka til máls og leggja sitt af mörkum, leiksmiðjur þar sem allir skapa leikverk og samræður þar sem allir þátttakendur leggja eitthvað til málanna. Miðlar sem útiloka beina þátttöku fólks eru þá fyrilestrar þar sem hlustendur eru óvirkir, sjónvarp þar sem notendur meðtaka það sem á þeirra borð er borið án möguleika til þátttöku og hvers konar hlustun á tónlist eða talað mál.

Samkvæmt McLuhan er menning lítilla samfélaga í eðli sínu köld menning, en í stórborgum þrífst heit menning best. Á sama hátt skilgreinir hann menningu Þróunarlanda kalda en menning Vestrænna samfélaga heita. Í litlum samfélögum er lítið um að vera nema íbúar séu virkir í að skapa eigin menningu. Þetta sama gildi um Þróunarlöndin. Hins vegar er menningarheimurinn auðugri í fjölmennum borgarsamfélögum og því auðveldara fyrir íbúa að vera óvirka neytendur. Þetta sama gildi um Vestræn samfélög.

En hvaða áhrif geta þá heitir og kaldir miðlar haft á heita og kalda menningarheima? Skoðum þetta aðeins nánar

	Kaldir miðlar, krefjast þátttöku	Heitir miðlar, útiloka þátttöku
Köld menning, mikil þátttaka	Samræmi , miðlarnir eru í takt við menninguna. Einstaklingar búa við þá menningu sem þeir eru vanir og una sér vel. Dæmi: Áhugaleikfélag þar sem nánast allir þorpsbúar taka þátt.	Miðlarnir útiloka þátttöku og kaffæra frumkvæði íbúa sem eru vanir því að taka þátt. Dæmi: Stórtónleikar í kirkjunni, heimsfrægir tónlistarmenn koma og flytja framandi tónlist fyrir viðstadda.
Heit menning, lítil þátttaka	Miðlarnir krefjast þátttöku og íbúar ekki vanir að taka þátt og miðlunin missir marks. Dæmi: Leiksýning í leikhúsi borgarinnar þar sem leikarar reyna að fá gesti til að taka þátt í leiksýningunni, það gengur ekki vel.	Samræmi , miðlarnir eru í takt við menninguna. Einstaklingar búa við þá menningu sem þeir eru vanir og una sér vel. Dæmi Stórt kvikmyndahús þar sem fjölmenni kemur saman og horfir á kvikmynd.

McLuhan telur að kaldir miðlar falli best að köldum menningarheimum, það er litlum samfélögum og Þróunarlöndum. Heitir miðlar gætu þar valdið misskilningi eða múgæsingu. Á hinn bóginn henti heitir miðlar best heitum menningarheimum, það er stórum samfélögum og hinum Vestræna heimi. Kaldir miðlar þar gætu valdið ótta og ringulreið. Á það má svo líta að innan stórra samfélaga geta verið minni hópar sem líta má á sem kalda hópa og þá hentar köld menning þeim betur en heit.

Áður en ég legg þessa umræðu um heita og kalda miðla frá mér, vil ég taka fram að ég er alls ekki alltaf sammála McLuhan um þessa tvískiptingu. Sem dæmi talar hann um fyrirlestur sem heitan miðil sem krefst þess að þátttakendur séu óvirkir hlustendur. Það er alls ekki rétt í öllum tilfellum, því hlustandi getur verið mjög virkur í að skilja það sem fyrirlesarinn segir, bera það saman við það sem hann hefur heyrt áður og að mynda sér skoðanir á viðfangsefninu. Fyrirlestur getur þannig örvað þann sem á hlýðir til þátttöku á hugræna sviðinu, þó svo að í fljótu bragði virðist hann vera óvirkur með öllu.

Stjörnuþoka Gutenbergs. Hann talar um að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir því að stórfelldar breytingar á daglegu máli og hegðun manna fylgja oft tilkomu nýrra tækja.

Hugtakið “Stjörnuþoka Gutenbergs” er ættað úr smiðju McLuhans. Með því hugtaki er hann að tala um þá byltingu sem varð í mannheimum með tilkomu nýrrar tækni Gutenbergs til prentunar. McLuhan talar um að þessi tækni hafi gjörbreytt menningu okkar á þann veg að ritað mál hafi þar með náð yfirhöndinni og mótað skynjun mankyns um leið. Prentað mál er framlenging á rituðu máli og með tilkomu prenttækni Gutenbergs varð málið hafið yfir aðrar skynjanir mannsins. Þetta hafi gerbreytt því hvernig maðurinn skynjaði umheiminn og hvernig menning hans þróaðist. Rithöfundar urðu öðrum listamönnum æðri og bóknám var hafið til vegs og virðingar. Útbreiðsla ritmálsins varð meiri en áður hafði þekkt og ákveðið ritmál og þar með talmál varð staðlað og það útrýmdi hefðum í máli lítilla ættbálka. Sömuleiðis hafi lestur bóka útbreytt viðmið sem urðu viðtekin og breyttu hegðun manna. Þessi nýja tækni hafi líka breytt skólunum og viðhorfum til náms. Bóknámið varð hafið yfir verknámið og trúlega gætir áhrifa þess enn þann daginn í dag.

Líffræðilega séð veldur þroskun eins skynfæris á kostnað annars breytingum á heila einstaklings og McLuhan talar um að slíkt hafi gerst í menningu okkar í kjölfar hinnar nýju prenttækni Gutenbergs. Málstöðvarnar og sjónskynið hafi fengið meira vægi í menningunni en til að mynda heyrnarskynið. Þarna verður að hafa í huga að breytingar á einni lífveru erfast ekki til afkomenda hennar og því er hér einungis verið að tala um vægi þessara skynjana í menningunni. Prenttæknin hafi útbreytt upplýsingum til stórs hóps fólks og það hafi haft víðtæk áhrif á hegðun manna.

McLuhan talar síðan í framhaldi af þessu um að prenttæknin hafi gengið af ættbálkasamfélaginu dauðu, því þessi tækni útbreiddi hið skrifaða mál til fjöldans og litla ættbálkasamfélagið sem byggði á töluðu máli á milli einstaklinga samfélagsins leið undir lok. Hann nefnir síðan að rafvæðingin undir lok nítjándu aldarinnar hafi breytt samfélagi manna í stórt heimssamfélag og að með rafvæðingunni hafi önnur skilningarvit en sjónin verið hafin aftur til vegs og virðingar og meira jafnvægi þannig komist á skynjun mannsins.

Heimildaskrá

McLuhan, Marshall, “Miðillinn er merkingin” Þröstur Helgason þýddi, í “Marshall, McLuhan: Miðill – Áhrif – Merking, Þröstur Helgason ritstýrði, Atvik, Reykjavík Akademían, Reykjavík, 2005

Reykjavík, 5. apríl 2017
Sigurlaug Kristmannsdóttir